

Nr. 118 /10 Fjóla SH 121**Vélarvana og dregin til hafnar**

Skipaskr.nr. 1516
Smíðaður: Skagaströnd 1978, plast
Stærð: 11,1 brl. 14,9 bt.
Mesta lengd: 11,87 m Skráð lengd: 11,45 m
Breidd: 3,67 m Dýpt: 1,44 m
Vél: Ford Sabre 86kW, 1991
Fjöldi skipverja: 2

Gögn:
Gögn RNS



Fjóla ©Emil Páll Jónsson

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 18. febrúar 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrassyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 28. ágúst 2010 var Fjóla SH 121 á siglingu 13,5 sml. N af Garðskagavita. Veður: N- NV- 5- 10 m/sek.

Á siglingunni hætti gírin að virka og þegar að var gáð hafði olían minnkað á honum. Skipstjóri hafði samband við strandstöð og bað um aðstoð við að draga bátinn til hafnar og var nærstatt varðskip sent til að draga bátinn til hafnar.

Við rannsókn kom fram:

- að sögn skipstjóra kom mikill hávaði frá gírnum en ekkert olíubað var að sjá í kringum hann en tveimur róðrum áður var olíuhæð eðlileg;
- að þegar gír og skrúfubúnaður var skoðaður í höfn reyndist gír í góðu lagi en sveigjutengi brotið og hávaðinn hafði leitt með öxlinum inn í gírin;
- að þann 16. desember 2009 hvolfdi bátinum og hann sökk en var bjargað. Eftir slysið var skipt um vél en gírin var sagður upptekinn og settur við vélina. 17. júlí s.l. bilaði sveigjutengi á skrúfuás (mál 09810) og var nýtt tengi sett á öxulinn þar sem skipstjóri vissi af veikleika búnaðarins áður en RNS upplýsti hann um þrálátar bilanir á öxultengi (mál 01907 og 06208). Lét hann skoða búnaðinn og hanna nýjan en hugðist notast við tengið þar til fullnaðar viðgerð færi fram;
- að þegar skrúfubúnaðurinn fram í gír var tekinn frá reyndist kast vera á skrúfuöxlinum og þegar búið var að koma nýju hönnuninni fyrir bætti báturinn við sig gangi um tvo hnúta og vélin gekk mikið léttar að sögn skipstjóra.

Nefndarálit:

Orsök bilunar í öxultengi má rekja til slæmrar hönnunar og ísetningar búnaðarins.